

# Álagning gjalda í Hvalfjarðarsveit 2020

- Álagning útsvars á tekjur ársins 2020 er 13,69%
- Fasteignaskattur er eftirfarandi á árinu 2020:

Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 segir, að allar fasteignir sem metnar eru af Fasteignaskrá Íslands skuli árlega leggja á skatt til sveitarfélagsins þar sem fasteignin er.

Fasteignaskattur A-flokkur 0,40%

Fasteignaskattur B-flokkur 1,32%

Fasteignaskattur C-flokkur 1,65%

- **Lóðarleiga** í þéttbýli 1,00 % af fasteignamati og er innheimt með fasteignagjöldum.
- **Sorphirðugjald**  
Sorphirðugjald vegna íbúðarhúsnæðis kr. 37.775.  
Sorphirðugjald vegna sumarhúss kr. 15.840.  
Sorpurðunargjald vegna íbúðar og sumarhúsa kr. 3.790.  
Gjöldin eru innheimt með fasteignagjöldum.
- **Rotþróargjald**  
Rotþróargjald er kr. 12.632,- og er árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróa á hvert íbúðarhús og sumarhús. Rotþrærnar sjálfar eru tæmdar þriðja hvert ár. Þriðjungur kostnaðarins er innheimtur á hverju ári. Gjöldin eru innheimt með fasteignagjöldum.

Gjalddagar fasteignagjalda á árinu 2020 verða 8 talsins á mánaðarfresti 15. hvers mánaðar. Í febrúar, mars, apríl, maí, júní, júlí, ágúst og september. Fyrsti gjalddagi er 15. febrúar. Ef álagning er 25.000 kr. eða lægri er einn gjalddagi 15. maí.

## Ellilífeyrisþegar:

Afsláttur á fasteignaskatti til örorku- og ellilífeyrisþega er tekjutengdur.

Ekki þarf að sækja um lækun, gerður er vélrænn samburður tekna samkvæmt fyrirbyggjandi skattframtali. Örorkulífeyrisþegar þurfa að leggja fram örorkuskírteini.

Afsláttur vegna einstaklinga		
Tekjumörk		Afsláttur
-	3.848.740	100%
3.848.741	4.211.858	80%
4.211.859	4.589.480	50%
4.589.481	5.475.260	25%

Afsláttur vegna hjóna/sambúðaraðila		
Tekjumörk		Afsláttur
-	6.099.968	100%
6.099.969	6.971.244	80%
6.971.245	7.408.436	50%
7.408.437	7.697.998	25%

Álagning fasteignagjalda er birt rafrænt á [www.island.is](http://www.island.is) en jafnframt er hægt að óska eftir útprentuðum álagningarseðli á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar.

**Álagning fasteignaskatts er kæránleg til yfirfasteignamatsnefndar og skal kæra borin fram innan þriggja mánaða frá álagningu.**

**Álagning á sorphirðu- og sorpurðunargjaldi er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur einn mánuður frá álagningu.**

Linda Björk Pálsdóttir  
Sveitarstjóri